



Ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2016

Framlenging á flugvakt flugverja vegna hvíldar í flugi – OPS 1.1115

Með reglugerð nr. 124/2016 um breytingu á reglugerð nr. 1043/2008 um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverja, tóku gildi ákvæði FTL-kafla, fartíma og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma sem er að finna í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 965/2012. Ákvæði um framlengingu á flugvakt vegna hvíldar í flugi, sem er að finna í e-lið ORO.FTL.205 viðaukans kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 17. febrúar 2017.

Af þessum sökum hefur Samgöngustofa ákveðið, að því er varðar framlengingu á flugvakt vegna hvíldar í flugi, að ákvæðum OPS.1.1115 í reglugerð nr. 1043/2008 um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugverja, skuli áfram beitt fram til 17. febrúar 2017.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar og öðlast þegar gildi.

Reykjavík 24. febrúar 2016


Þórólfur Árnason, forstjóri